

Hvanneyri ⁽¹⁾

Sá bær hefir verið hið fjórða og ysta fornbýli vestan Siglufjarðar, en skammt milli þeirra allra. Stendur hann út og upp frá Þormóðseyri, sem mjög mun hafa eyðst að norðan þegar í ómuna tíð, og einnig að síðustu, fyrir grjótnám og fleiri vanhyggju manna. Bæjarstæði er hér gott, á melhöfða einum niður frá hlíð fjallsins. Hefir tún verið allstórt, en fremur óslétt. Sjást nú litlar leifar fornra garða utan og ofan þess er mjög hafa varið það vatnságangi er síðar hefir spilt því. Sunnan þess voru tveir fornir garðar og hinn yngri sunnan allstórrar flæðigrundar sem fyrst hefir verið sunnan túns. Má helst ætla að það sé *Hvanneyri* (2) sú er nafnið er af komið eða túnið allt sunnan bæjar. Hefir lækur sá er nú fellur norðan bæjarins, nefndur: *Hvanneyrará* (3) myndað grundir þessar í fornri tíð og þá fallið suður allt í ós Álalækjar, en einnig oft hér þvert niður í lón mikið yst á láglandinu og fyllt það að nokkru, nefnist það: *Hvanneyrartjörn* (4) sjást glöggf fornir farvegir árinna, einnig hið forna tún ofan og sunnan bæjar. Er líklegt að hvanngróður hafi mikill verið í dalhvolfi því er vestur gengur í fjöllin nær miðhlíðis upp frá bæ og nefnist *Hvanneyrarskál* (5) og hafi áin, er þaðan kemur, borið hann á láglandið. Haglönd eru hér allgóð efra og út um hlíð og



Þormóðseyri og Hvanneyrarskál

strönd, en engi var gott sunnan bæjar og nokkur ytra; rekar miklir og útræði gott. Var jörð þessi hér með þeim bestu talin. Hér var þingstaður á 18. og 19. öld, fluttur frá Siglunesi; en prestssetur og aðalkirkja frá 1614 einnig þaðan flutt. Bænhús og grafreitur var hér áður. Búnaður hefir hér nokkur haldist til síðustu ára. En svo hefir byggð kaupstaðarins nú gengið á þetta forna býli, að brotið er engið, og túnið mjög, þó sist hafi þess þörf verið; mun því skammt þess að bíða að flest verði hér glatað, menja og minninga, utan örnefni einhver er á byggð þessa mættu nokkuð minna.



Á leið upp í Gróuskarð

Nefnast hátindar fjallsins (tveir saman) norðan Hvanneyrarskálar: Hvanneyrarhyrnur (6) en nær og neðar í hlíðarröðlinum Gróuskarð (7) og Gróuskarðshyrna (8). Hlíðin suður og upp frá bæ, milli árinna og suðurmerkja: Hvanneyrarreitur (9) og takmarkast hann að ofan af neðri brún Skálarinnar og klettabríkum tveimur suður frá henni eru það Ysti Gimbrarklettur (10) og Mið Gimbrarklettur (11) er áður getur; en niður frá reitnum að Álalæk var hið fagra: Hvanneyrarenghi (12). Þá nefnist undirlendið allt út frá túni: Hvanneyrarströnd (13) en bakkarnir neðan þess og túnsins út frá á: Hvanneyrarbakkar (14) einnig víkin niður frá bæ: Hvanneyrarkrókur (15) og malarkambur breiður sunnan hennar: Hvanneyrarmöl (16) náði kambur sá umhverfis láglandið norðan og austan; en innan hans hefir norðurhluti þess aðeins verið lón mikil (tvö) og forir, utan sandrif fornt er



Prestssetrið Hvanneyri á Hvanneyrarhóli

suðvestur lá frá norðaustur horni, nefnt: Grandi (17) voru yst á honum lengi fjárhús frá Hvanneyri, nefnd Grandahús (18) og túnblettur: Grandatún (19). Nefndist og lónið suðaustan Grandans: Grandatjörn (20) náðu drög hennar allt suður austan Þormóðseyrar, þar byggt var býlið Tjarnir, áður nefnt. Eru nú lón þessi fyllt að mestu. En norðvestan Grandans þar verið hefir hið mesta og elsta lónið eru enn

viðlendar forir, leifar þess, og Hvanneyrartjörn áður nefnd, nú lítil orðin og grunn.

Ofan við bæinn er lautardrag nokkurt, er það forn farvegur árinna, hinn neðsti suður um melinn, áður en hún náði farveg norðan hans nefnist melbalinn ofan lautar: Kirkjuhóll (21) var þar kirkjan til 1890 og kirkjugarður notaður til 1907 og þó nokkuð síðar, en er allur niður brotinn og minnismarki flest glötuð. Út og niður frá bæ,

sunnan ár, var hóll lítil þýfður og mýraseyrur einnig þýfðar í kring, nefndist þessi blettur túnsins: Helvíti (22). Norðan árinna nefndist neðri hluti túnsins: Gerði (23) eru þar tvennar fornar tóftir. Á efri hlut þess eru hávaðar þrjár með byggðaleifum ofan vegar, er nú liggur um túnið endilangt; nefndist hinn ysti: Ærhúshóll (24) var yst á honum steinn mikill nær hnöttóttur, nefndur: Grásteinn (25) var hann álfabýli talinn og stóð af honum mikill geigur. Nokkuð sunnar og ofar er næsti bali og byggðaleifar, nefndist þar: Paradís (26) og suður og upp þaðan hinn þriðji með tóftum nefndist þar Jerúsalem (27). En Jeríkó (28) nefndist þar ofan túnsins, þar hesthús var og kvíaból; er þar nú býli Karls Dúasonar.

Þar suður af er foss lítill í ánni, réttnefndur: Skaftafoss (29) því undir honum drekkti sér Skafti Jónsson, er hér var prestur 1878 til 1887 máske í ötlæði sem honum var títt. Man best þann atburð nú Guðmundur Bjarnason á Bakka, næsta hjábýli Hvanneyrar,



Húsin í Bakka böðuð í morgunsól 1980



Hvanneyraráin var virkjuð 1913

en þar hefir hann verið æfilangt og þá nær fulltíða (fæddur 186..) en sagt var almenningi að heima hefði prestur bráðdauður orðið í bóli sínu og mun því hér enn fast trúað. Þess gat og sonur Guðmundar, nú dáinn að þá hann ungar lék sér við ána, var laut ein nálæg fossinum nefnd: Frakkalaut (30) hafði þar frakki prests fundist og hann síðan í ánni. Er ærið nóg slíkra falsana þó einni sé hnekt.

Nokkur voru hjábýli reist í landi Hvanneyrar hina síðustu öld og fyrst þeirra býlið: Lækjarbakki (31) sést það í manntalsskrá 1813 en hvar það stóð er ekki fullvíst; varð sá úti það ár, er þar bjó og hefir það brátt í eyði farið. Þá var býlið Hvanneyrarkot (32) byggt um 1831 syðst á enda Grandans, þar hann mætir eyrinni, niður frá Álalæk; stendur það enn og nú skásett norðan við ytri húsaröð Eyrargötu og telst þar Lækjarg. 15. Þá býlið Hvanneyrarbakki (33) byggt um 1866 yst í jaðri



Eyrargata 4 - Eyri

Hvanneyrartúns, við sjó niður; var síðar flutt skammt utar og ofar og stendur þar enn, en í stað þess neðra þá var byggð síldarstöðin Bakki. Þá var býlið Lækur (34) byggt um 1881 nokkuð suður með Álalæk að vestan; er það nú á horni, vestan Lækjargötu en sunnan Eyrargötu, telst: Eyrargata 19. Þá býlið Sandhóll (35) byggt um 1882 nokkuð sunnar, og austan Álalækjar; nú horfið og þar brauðgjörðarhús (Lækjargata 10) þá býlið: Lækjarbakki (36) byggt um 1883 ofan Álalækjar og nálægt býlinu Læk mun þar teljast nr. 21. Eru enn hávaðar nokkrir þar býli þessi stóðu og líklegast að þar hafi hinn fyrri Lækjarbakki staðið, nema verið hafi ytra þar síðan var byggt býlið Hvanneyrarbakki, því einnig fellur lækur þar niður. Þá var býlið Eyri (37) byggt 1884 yst á aðal eyrinni stendur það nú í ytri húsaröð Eyrargötu, enn með sama nafni, telst Eyrargata 4. Loks voru tvö býli reist yst á Grandanum, þar fjárhús voru og tún nokkurt, býlið Kambur (38) 1897 og býlið Kambhóll (39) lítið vestar; en allt er það land nú af sjó brotið þar byggðir þessar voru og túnið; var býlið Kambur þá sunnar reist, en svo rífið og þar byggð olústöð B.P. Voru öll smábýli þessi af torfi gjörð, en síðar af timbri, þau er endurbyggð voru og enn standa.

Út og fram frá Hvanneyrará er blindsker það er: Ársker (40) nefnist og skammt út frá túnenda annað slíkt, nefnt: Brúnka (41). Þar skammt utar er vogur lítill nefndur: Illibás (42) og þá litlu utar tveir litlir vogar, en út og fram frá þeim steinar nokkrir nefndir Vogasker (43). Nær miðleiðis út á Hvanneyrarströnd hefir selstöð verið, nefnist þar: Hvanneyrarsel (44) sunnan þess Selmýri (45) en norðan Selgil (46). Þar all hátt í hlíðinni er hvolf mikið nokkuð grösugt nefnt Selskál (47) og norðan hennar hvass hnjúkur austan í hlíðinni þó lægri en háfjallið nefndur Selskálarhyrna (48). Niður um gilið úr skálinni fellur Selá (49) en þar fram af var bergdrangur umflotinn sjó nefndur Selgilstapi (50) er hann nú fallinn.

Um 1672 var býli reist þar sem verið hafði selið eða litlu neðar nefndist það Selkot (51) en fór í auðn 1698 (Jarðabók) er hér því túnblettur nokkur og tóftir margar var hér


og síðar stekkur en síðast innar á ströndinni. Nokkuð út frá Selgili er annað gil nefnist milli þeirra Midströnd (52) en hið ytra Midstrandargil (53). Fram frá því er blindsker nefnt Fljótamannsker (54) og litlu utar nokkur sker er miðast við Fiskihrygg sem getið er innan Siglufjarðardals nefnd Fiskihryggssker (55). Þar út er undirlendi þrýtur og Landsendi (56) nefnist gengur vík upp að hinu sæbratta bergi er þá tekur við, nefnd: Landsendavík (57) og gildrag suður og upp frá henni Landsendagil (58) en framan víkur út frá Landsenda er drangur laus frá landi nefndur Landsendastapi (59).

Upp frá víkinni er hamrahlíð nær ókleif nefnist sá kafli Ófæra (60) og út og upp þaðan í hlíðinni dæl nokkur Ófæruskál (61). Norður frá henni eru gildirög tvö nefnist hamrabeltið milli þeirra Ábætir (62) en gilin Innra Ábætisgil (63) og Ytra Ábætisgil (64). Þar litlu utar er grasblettur lítill niður á hinum sæbrotnu bökkum er nefnist Grænanef (65). Þar skammt utar er berghein fram frá bökkunum og vogur lítill að innan svo ófært er þar fyrir nema í kyrrð og lágsævi nefnist hér Innri Forvaði (66). Nokkuð utar er allhár drangur fram í sjó nefndur Karl (67). Þar upp af ganga gildirög tvö alllög ofan hlíð allt að fjöru annað lítið innar (en Karl), nefnt Innri Festi (68) hitt lítið utar nefnt Ytri Festi (69) er það þráðbeint niður frá ysta hálandi fjallsins og vafalaust hin réttu fornu merki en drjúgum lengra hefur Hvanneyrarprestum tekist að seilast út fjörurnar því reka von og hlunninda var hér nokkur og loks fengið þau sett út



Ljósm. HPB

Snjóflóðavarnargarðar hafa gjörbreytt hlíðinni ofan bæjarins



Ófæra neðan við Ófæruskál

í *Djúpavog* [(70)]sem yst er undir berginu þó óbreytt séu að ofan, því engar var þar landsnytjar að hafa. Eru hér smávogar margir undir berginu og einnig utar og nefnast hér tveimmegin hinna réttu forn merkja *Syðri-Vogar* (71).



Stafrófsröð örnefna

Hvanneyri

- A -
 Ábætir 62
 Ársker 40
- B -
 Brúnka 41
- D -
 Djúpivogur 70
- E -
 Eyri 37
- F -
 Fiskihryggssker 55
 Fljótamannsker 54
 Frakkalaut 30
- G -
 Gerði 23
 Grandahús 18
 Grandatjörn 20
 Grandatún 19
 Grandi 17
 Grásteinn 25
 Gróuskarð 7
 Gróuskarðshyrna 8
 Grænanef 65
- H -
 Helvíti 22
 Hvanneyrará 3
 Hvanneyrarbakkar 14
 Hvanneyrarbakki 33
 Hvanneyrarengi 12
 Hvanneyrarhyrnur 6
- Hvanneyrarkot 32
 Hvanneyrarkrókur 15
 Hvanneyrarmöl 16
 Hvanneyrarreitir 9
 Hvanneyrarsel 44
 Hvanneyrarskál 5
 Hvanneyrarströnd 13
 Hvanneyrartjörn 4
 Hvanneyri 1
 Hvanneyri 2
- I -
 Illibás 42
 Innra-Ábætisgil 63
 Innri-Festi 68
 Innri-Forvaði 66
- J -
 Jerikó 28
 Jerúsalem 27
- K -
 Kambhóll 39
 Kambhús 38
 Karl 67
 Kirkjuhóll 21
- L -
 Landsendagil 58
 Landsendastapi 59
 Landsendavík 57
 Landsendi 56
 Lækjarbakki 31
 Lækjarbakki 36
 Lækur 34
- M -
 Mið-Gimbrarklettur 11
 Miðstrandargil 53
 Miðströnd 52
- Ó -
 Ófæra 60
 Ófæruskál 61
- P -
 Paradís 26
- S -
 Sandhóll 35
 Selá 49
 Selgil 46
 Selgilsstapi 50
 Selkot 51
 Selmýri 45
 Selskál 47
 Selskálarhyrna 48
 Skaptafoss 29
 Syðri-Vogar 71
- V -
 Vogasker 43
- Y -
 Ysti-Gimbrarklettur 10
 Ytra-Ábætisgil 64
 Ytri-Festi 69
- Æ -
 Ærhúshóll 24